

Ed.

115. Nefndarálit

[51. mál]

um frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með þessu frv. er ætlun hv. ríkisstjórnar að hækka ýmiss konar gjöld, sem standa í sambandi við réttarfarsaðgerðir, viðskipti, leyfisveitingar o. fl., um $\frac{1}{3}$ hið minnsta, en miklum mun meira í einstökum tilvikum. Gert er ráð fyrir, að þessar gjaldahækkunarir nemi samanlagt a. m. k. 22 millj. kr.

Þessar gjaldahækkunarir eru einn þáttur þeirra handahófsskattlagninga, sem boðaðar voru með fjárlagafrv. í þingbyrjun og voru þá nefndar „skattahækkunarir á takmörkuðum sviðum“. Aðrir þættir þessara handahófsskattlagninga eru svo fyrirhugaður farmiðaskattur, skattur á raforkunotkun, hækkaður benzínskattur o. fl. Enda þótt látið sé í veðri vaka, að þessar skattlagningar séu almenningi léttbærari en þær aðrar, sem núv. ríkisstjórn hefur aðallega beitt á valdatíð sinni og nú eru nefndar „almennar skattahækkunarir“ til aðgreiningar frá þeim, sem nú eru teknar í tísku, verður að telja vafasamt, að svo sé. Meginhluti þeirra gjalda, sem hér um ræðir, er greiddur af öllum almenningi, þótt ekki sé um dagleg útgjöld að ræða, og að verulegu leyti er hér um að ræða greiðslur fyrir þjónustu, sem veitt er til þess að menn nái rétti sínum lögum samkvæmt eða réttindum á ýmsum sviðum. Upphaflega mun svo hafa verið til ætlað, að gjöldin svöruðu til sanngjarnrar greiðslu fyrir tiltekna veitta þjónustu, fremur en að þau væru hugsuð sem tekjulind til almennra þarfa ríkissjóðs, enda næsta hæpið, að hið opinbera geri sér að féþúfu sókn manna fyrir rétti sínum. Er vissulega illa komið, ef slíkt er nauðsynlegt til þess að rétta við fjárhag ríkisins, og óumdeilanlega eru því takmörk sett, hve langt er verjandi að ganga á þeirri leið.

Sameiginlegt er það hinum nýju skattlagningaraðgerðum „á takmörkuðum sviðum“, að þær snerta ýmist ekki eða lítið vísitöluútreikninga, sem kaupgjald er nú miðað við lögum samkvæmt. Er hér greinilega á ferðinni hin gamalkunna tilhneiging stjórnarvalda til þess að rangfæra vísitöluna og færa vöxt dýrtíðar yfir á herðar almennings bótaust. Er slíkt sízt til meðmæla með þessum skatthækkunaraðferðum.

Ljóst er, að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar, ekki sízt að því er snertir umhyltingu hennar í skattamálum og stjórn á ríkisrekstrinum, hefur leitt til þess, að þrátt fyrir einstök góðæri, mikinn vöxt þjóðartekna og góða gjaldeyrisafkomu stendur hún nú í rauninni ráðþrota gagnvart því skylduverki sínu að ná endum saman við afgreiðslu fjárlaga. Þrátt fyrir hina nýju skattheimtu, sem boðuð hefur verið, skortir mikið á, að þau verði afgreidd tekjuhalla í reynd, þótt reynt sé nú að leyna þeirri staðreynd með því að taka út úr fjárlögum útgjaldaupphæðir, sem öllum er ljóst að ekki verður komizt hjá að sinna. Handahófsskattlagningin, sem nú er viðhöfð, leysir því ekki þann vanda, sem nú er við að fást í fjármálum ríkisins. Hún er kákið eitt og gefur engar tryggingar fyrir því, að ekki verði stefnt „almennum skattahækkunum“ í kjölfarið á næsta fjárlagaári.

Af framangreindum ástæðum er undirritaður andvígur frv. og leggur til, að það verði fellt.

Alþingi, 29. nóv. 1965.

Björn Jónsson.